Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1523
komudagur 17/4 1996

**Alþingi**
- viðskipta og fjárhagsnefnd -
bt. Guðjón Rúnarsson, nefndarritari
150 Reykjavík.

Blönduósi, 15. apríl 1996

# Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stjórn Félags opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum telur óeðlilegt að Alþingi geri einhliða breytingar á réttindum og skyldum ríkisstarfsmanna og komi með frumvarp til laga, áður en vinnuhópur hefur lokið störfum. Heldur verði að vera samkomulag við samtök þess fólks sem undir lögin heyra. Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og kjarasamningar ríkisstarfsmanna mynda eina kjaraheild. Ef gera á breytingar á lögunum, þá verður það að gerast í tengslum við gerð kjarasamninga.
Að öðru leyti vísar stjórn F.O.S.Hún. til umsagnar B.S.R.B.

f.h. stjórnar F.O.S.Hún.

Þuríður Hermannsdóttir